

Sp.

63. Fyrirspurnir.

[61. mál]

I. Til dómsmálaráðherra um tölvubanka rannsóknarlögreglunnar.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Hver voru tildrög þess, að ákveðið var að rannsóknarlögreglan í Reykjavík byggði upp tölvukerfi til notkunar við rannsóknarstörf sín?
2. Hvert hefur verið og mun verða hlutverk bandaríska fyrirtækisins IBM í þessum áformum?
3. Hver er áætlaður stofn- og rekstrarkostnaður vegna þessarar tölvunotkunar?
4. Hvaða einstaklingar verða skráðir í tölvubanka rannsóknarlögreglunnar?
5. Verða þar aðeins skráðir þeir, sem fremja meiri háttar afbrot, eða einnig þeir, sem t. d. eru staðnir að minni háttar yfirsjónum í umferðinni?
6. Verða þar kannske skráðir allir eigendur bifreiða?
7. Hver tekur ákvörðun um það, hvers konar hópar manna verða skráðir í tölvubankanum?
8. Verður einstaklingum heimilt að krefjast þess að fá svar við því, hvort nöfn þeirra eru í tölvubanka lögreglunnar og hvað um þá stendur þar?
9. Verður þeim jafnframt gert kleift að koma fram leiðréttingu á röngum, úreltum eða villandi upplýsingum um þá sjálfa?
10. Hvernig verður tryggt, að óviðkomandi aðilar, starfsmenn Skýrsluvéla ríkisins, tæknimenn bandaríska fyrirtækisins IBM eða aðrir þeir, sem aðgang hafa að upplýsingaminni tölvunnar, komist ekki að innihaldi tölvubanka rannsóknarlögreglunnar?
11. Verða sérstakar ráðstafanir gerðar til að hafa eftirlit með því, að upplýsingar tölvunnar verði ekki misnotaðar?
12. Telur ekki ráðherrann, að mál af þessu tagi sýni nauðsyn þess, að hér á landi eins og víða annars staðar verði sett löggjöf um tölvunotkun við söfnun upplýsinga um einstaklinga og persónulega hagi þeirra?

II. Til iðnaðarráðherra um raforkumál á Austurlandi.

Frá Tómasi Árnasyni.

1. Hvenær verður hægt að taka ákvörðun um virkjun Bessastaðaár og hvaða stærð virkjunar mundi verða hagstæðust?
2. Hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um lagningu háspennulínu frá Kröflu-virkjun til Austurlands?
3. Hvernig ætla Rafmagnsveitur ríkisins að tryggja Austurlandi nægjanlegt rafmagn í vetur?
4. Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar?